

Föstudaginn 30. október 1942.

Nr. 71/1942. **Jóhannes Teitsson**

gegn

A. Rosenberg.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jóhannes Teitsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 6. nóvember 1942.

Nr. 92/1942. **Valdstjórnin** (Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

Guðmundi Óskari Einarssyni

(Sigurður Ólason).

Ölvun á almannafæri.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Guðmundur Óskar Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutn-

ingslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstaretti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 150.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 11. júlí 1942.

Ár 1942, laugardaginn 11. júlí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af fulltrúa sakadómara, Valdimar Stefánssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1719/1942: Valdstjórnin gegn Guðmundi Óskari Einarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Óskari Einarssyni verkamanni, til heimilis á Ásvallagötu 23 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33/1935 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærnum og refsingum:

- 1929 $1\frac{8}{10}$ Sætt: 10 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.
- 1934 $2\frac{8}{9}$ Sætt: 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1935 $1\frac{3}{6}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1936 $\frac{2}{9}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir sams konar brot.
- 1936 $\frac{5}{9}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir sams konar brot.
- 1936 $\frac{7}{12}$ Kærður fyrir ölvun. Látið falla niður.
- 1936 $1\frac{5}{12}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1937 $1\frac{1}{4}$ Kærður fyrir ölvun. Látið falla niður.
- 1937 $2\frac{9}{10}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1937 $\frac{4}{12}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Látið falla niður.
- 1937 $2\frac{8}{12}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1938 $2\frac{0}{2}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1938 $1\frac{3}{3}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1938 $2\frac{7}{3}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1938 $2\frac{8}{5}$ Kærður fyrir meint rán. Látið falla niður, með því að telja varð, að um ölæðisverknað væri að ræða.
- 1938 $\frac{4}{6}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
- 1938 $\frac{7}{6}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
- 1938 $1\frac{8}{9}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1938 $2\frac{7}{6}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1938 $1\frac{1}{11}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1938 $\frac{4}{12}$ Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
- 1938 $3\frac{0}{12}$ Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
- 1939 $1\frac{1}{4}$ Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
- 1939 $3\frac{0}{4}$ Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
- 1939 $\frac{6}{5}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1939	%	Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1939	1%	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939	$1\frac{1}{2}\%$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939	$1\frac{1}{8}\%$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939	$\frac{3}{11}$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939	$1\frac{1}{11}$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939	$3\frac{1}{12}\%$	Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
1940	$1\frac{1}{8}\%$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940	$2\frac{3}{8}\%$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940	$2\frac{6}{8}\%$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940	$3\frac{0}{8}\%$	Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
1940	$\frac{8}{8}\%$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940	$1\frac{4}{8}\%$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940	$2\frac{0}{8}\%$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941	$\frac{1}{4}$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941	$\frac{4}{4}$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941	$\frac{9}{4}$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941	$2\frac{2}{8}\%$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941	$2\frac{6}{8}\%$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941	$\frac{4}{4}$	Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
1941	$1\frac{0}{8}\%$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941	$2\frac{1}{10}$	Sætt: 40 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941	$2\frac{5}{10}$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941	$\frac{1}{11}$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942	$1\frac{1}{2}$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942	$2\frac{0}{2}$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942	$2\frac{1}{2}$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942	$2\frac{5}{2}$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942	$\frac{9}{8}$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942	$1\frac{3}{8}$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942	$1\frac{8}{8}$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942	$2\frac{1}{8}$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942	$1\frac{5}{8}$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942	$3\frac{1}{8}$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942	$2\frac{3}{8}$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942	$\frac{6}{4}$	Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Með játningu kærða og framburðum vitna er sannað, að hann var hneykslanlega ölvaður á almannafæri hér í bænum síðastliðinn þriðjudag og fimmtudag. Með þessu hefur hann brotið 18. gr. áfengislaganna og 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og þykir refsing hans skv. 38. gr. áfengislaganna og 96. gr. lögreglusamþykktarinnar, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, og með tilliti til fyrri brota kærðs hæfilega ákveðin 500 kr. sekt til menningarsjóðs, og komi 30 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.
 Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Guðmundur Óskar Einarsson, greiði 500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 30 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. nóvember 1942.

Nr. 46/1942. **Einar M. Einarsson** (Jón Ásbjörnsson)
 gegn

Skipaútgerð ríkisins (Ólafur Þorgrímsson).

Forstjóri Skipaútgerðar ríkisins bær til að svara til sakar í máli, sem fyrrverandi skipherra varðskips höfðaði gegn ríkinu til bóta.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af Birni Þórðarsyni lögmanni.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. maí þ. á., krefst þess, að sýknuákvæði héraðsdómsins verði hrundið og málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsuppsögu um önnur atriði þess. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í máli þessu er Skipaútgerð ríkisins krafín skaðabóta, en hún er ríkisfyrirtæki. Verður því einungis athugamál, hvort forstjóri hennar er bær til að svara til sakar í málinu, eða með öðrum orðum, hvort vísa hefði átt því frá dómi vegna skorts hans á umboði til þess að fara með það. Var þess vegna sýkna sökum aðildarskorts ekki á rökum reist. Það er vítað, að Skipaútgerð ríkisins fer með fjárreiður varðskip-